



**Fjallabyggð**

**2009**

**Fræðslumál**

# **Framtíðarskipan fræðslumála í Fjallabyggð**

**Tillögur fræðslunefndar**

(Opinbert eintak)

**Desember 2009**



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Markmið endurskoðunar.....	3
Uppbygging greinargerðarinnar .....	3
Áhættugreining .....	4
Tillögur ráðgjafa SRR.....	4
Staðan í rekstri fræðslustofnana .....	6
Stöðugildi við fræðslustofnanir .....	6
Störf í grunnskólum .....	6
Störf í leikskóla .....	7
Starfsmenn í tónlistarskólum. ....	7
Stjórnun .....	8
Lýðfræðilegar áskoranir.....	8
Kostnaður .....	9
Húsnæðismál Grunnskóla.....	10
Nemendafjöldi í bekkjum .....	13
Hámarksfjöldi í bekkjum.....	14
Kennsluaðferðir .....	14
Samkennsla.....	14
Árgangakennsla .....	16
Leikskólar .....	17
Tónlistarskóli .....	18
Niðurstaða og tillögur.....	19
Fjárhagslegur ávinningur .....	21
Faglegur og félagslegur ávinningur .....	21
Lokaorð.....	22

## Inngangur

Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Samkvæmt könnun sem gerð var á meðal íbúa fyrir sameiningarkosningarnar báru íbúar sveitarfélaganna tveggja væntingar til þess að sameiningin myndi skapa möguleika á hagræðingu í rekstri sveitarfélaganna, t.d. með sameiningu stofnana.

Í mars 2009 var Símenntun rannsóknir og ráðgjöf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (SRR) fengin til að gera úttekt á fræðslumálum, með það fyrir augum að finna hagræðingarmöguleika og gera tillögur að framtíðarskipulagi. Ráðgjafarnir kynntu skýrslu sína í júní 2009. Vinna fræðslunefndar að eftirfarandi tillögum er að hluta byggð á skýrslu ráðgjafa SRR.

Við vinnuna við tillögugerðina naut fræðslunefnd aðstoðar Karítasar S. Neff, fræðslufulltrúa Fjallabyggðar og Jóns Hróa Finnssonar, þróunarstjóra.

## Markmið endurskoðunar

Meginmarkmiðið með endurskoðun fræðslumála er að finna leiðir til að hagræða í rekstri fræðslustofnana Fjallabyggðar, en þó þannig að gæði skólastarfs séu eins og best verður á kosið innan hóflegs fjárhagsramma. Markmiðið er ekki að ná fram sparnaði hvað sem það kostar, heldur að tryggja jafnvægi milli rekstrarkostnaðar og gæða skólastarfsins. Í þessu felst meðal annars að skoða leiðir til að nýta kosti sameiningar sveitarfélaganna og bættra samgangna til að tryggja gott skólastarf og nýtingu fjármuna.

Í ljósi þess að nemendum fer fækkandi er einnig nauðsynlegt að laga skólastarf og rekstur fræðslustofnana að fyrirsjáanlegum fjölda nemenda í sveitarfélaginu á næstu árum.

## Uppbygging greinargerðarinnar

Þessi greinargerð inniheldur tillögur fræðslunefndar um framtíðarskipan fræðslumála ásamt ýmsum upplýsingum sem nefndin hefur haft til hliðsjónar við tillögugerðina. Tilgangurinn er að kynna lesandanum þá þætti sem ræddir hafa verið í fræðslunefnd og þær forsendur sem hafa leitt hana að niðurstöðunni. Lesendinn á þannig að geta tekið sjálfstæða afstöðu til þeirra og myndað sér skoðun á málinu.

Í fyrstu er fjallað um stöðuna í fræðslumálum og farið yfir staðreyndir varðandi nemendafjölda, íbúaþróun og rekstur fræðslustofnana sveitarfélagsins. Þá er farið yfir málefni grunnskóla. Lagt er mat á húsnæðisþörf grunnskóla og valkostir varðandi framtíðarnýtingu húsnæðisins skoðaðir. Í framhaldinu er farið nánar yfir nemendafjölda í bekkjum og möguleg viðbrögð við fækkun nemenda og skiptingu í bekkjardeildir og skólahús. Umfjöllun um tónskóla og leikskóla fylgir á eftir málefnum grunnskóla. Kaflarnir eru umfangsminni en kaflinn um grunnskóla. Ástæður þess eru aðallega tvær, annarsvegar er rekstur þessara stofnana umfangsminni og einfaldari en rekstur grunnskóla, en hinsvegar eru möguleikarnir minni og vandamálin auðveldari úrlausnar.

Greinargerðin endar svo á tillögum nefndarinnar og útlitun á því sem nefndin álitur að ávinnist með þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

## Áhættugreining

Öllum breytingum fylgir einhver áhætta sem gott er að gera sér grein fyrir fyrirfram. :

### 1. Þorum ekki að stíga skrefin

### 2. Andstaða við breytingar

- Ekki haft samráð
- Unnið of hratt
- Ekki nægilega rökstutt
- Ekki nægilega vandað
- Rangar ákvarðanir

### Töpuð yfirsýn

- Nálægð stjórnenda og starfsmanna minnki
- Nálægð stjórnenda og nemenda minnki
- Samlögun tekst ekki
  - Félagslíf nemenda
  - Starfsmenn
  - Stjórnendateymi

### Rangar forsendur

- Hagræðing ofmetin/vanmetin
- Fagleg áhrif ofmetin/vanmetin

### Of mikið einblínt á hagræðingu

- Þjónustuskerðingu ekki mætt nægjanlega
- Hagsmunir nemenda gleymast
  - Faglegir
  - Félagslegir
- Hagsmunir starfsmanna gleymast
  - Þeir sem missa vinnuna
  - Þeir sem eftir verða
  - Vinnuumhverfi

### Umgjörð ekki löguð að verkefninu

- Núverandi húsnæði verði látið ráða of miklu
- Ekki ráðist í nauðsynlegar endurbætur
  - Mötuneytin
  - Verkgreinastofur
- Húsnæðisþörf ekki mætt
  - Tónskóli Ólafsfirði
  - Skólabókasöfn


## Tillögur ráðgjafa SRR

Í skýrslu Símenntunar, RR stilla ráðgjafarnir upp tveimur valkostum sem þeir álíta vænlega.


Valkostur A fellur í sér sameiningu grunnskólanna í eina stofnun, leikskólanna í eina stofnun og tónlistarskólanna í eina stofnun. Í tillögnum er gert ráð fyrir að starf grunnskólanna fari fram í þremur byggingum, einni í Ólafsfirði þar sem börnum í 1.-6. bekk væri kennt, og tveimur í Siglufirði, annarsvegar barnadeild eins og þeirri í Ólafsfirði og hins vegar unglíngadeild þar sem unglíngum frá báðum bæjarkjörnum væri kennt. Áherslan í barnadeildum myndi vera á samkenndu en á unglíngastigi yrði áherslan á árgangakenndu. Yfir grunnskóla Fjallabyggðar yrði einn skólastjóri sem hefði sér til fulltingis skrifstofustjóra til að sjá um fjármál, innkaup o.þ.h., en sæi sjálfur um faglega stjórnun skólans. Í hverri starfsstöð væru svo deildarstjórar sem væru staðbundnir stjórnendur með faglegt húsvald.

Starfsemi tónlistarskóla yrði fléttuð inn í starf grunnskólanna í meira mæli en nú er. Höfuðstöðvar skólans yrði í húsnæði tónlistarskólans á Siglufirði, en skólinn hefði þó starfsstöðvar í báðum bæjarkjörnum. Yfir tónlistarskólanum yrði skólastjóri með aðsetur á Siglufirði en í Ólafsfirði yrði deildarstjóri sem færi með daglega stjórnun starfsins þar.

Starfsemi Leikskóla Fjallabyggðar yrði áfram í tveimur starfsstöðvum. Leikskólastjóri hefði aðalaðsetur í Ólafsfirði, en deildarstjóri væri settur yfir leikskólahúsið á Siglufirði. Stjórnunarábyrgð deildarstjórans yrði takmörkuð og fagleg stjórnun væri í höndum skólastjórans.



**Mynd 1: Valkostur A**



**Mynd 2: Valkostur B**

Valkostur B í tillögum ráðgjafanna felur í sér að fræðslustofnanirnar yrðu allar sameinaðar í eina stofnun með einn skólastjóra sem aðalstjórnanda. Starf skólans færi fram í 6 starfsstöðvum sem væru þær sömu og í tillögu A. Skólastjórinn hefði sér til fulltingis aðstoðarskólastjóra, auk skrifstofustjórans sem nefndur er í valkosti A og 6 deildarstjóra, einn yfir hverri starfsstöð.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að valkostur A myndi skila sveitarfélaginu um 4,7 m.kr.lækkun á launakostnaði á mánuði og valkostur B um 4,8 m.kr. Þá er ótalinn lækkun kostnaðar af rekstri skólahúsnæðis, sem ráðgjafarnir áætla að verði um 12,2 m.kr. á ári. Á móti kæmi kostnaður af skólaakstri sem áætlaður er um 6,3 m.kr. Árlegur sparnaður af breytingunum er því áætlaður á bilinu 68,3 m.kr. og 69,6 m.kr.

Árlegur sparnaður	Valkostur A	Valkostur B
Launakostnaður	56.076	57.444
Rekstur húsnæðis	12.186	12.186
Skólaakstur	-6.300	-6.300
	<b>68.262</b>	<b>69.630</b>

**Tafla 1: Áætlun SRR um sparnað í þúsundum króna.**

Frá því að skýrslan var skrifuð hefur tvennt gerst sem hefur áhrif á niðurstöðurnar og gildi þeirra við mat á hagkvæmni valkostanna. Annarsvegar hefur komið í ljós að launakostnaður í sameinuðum stofnunum í skýrslunni eru vanáætluð. Sameining skóla hefur í för með sér hækkun launa stjórnenda þar sem um stærri stofnanir er að ræða, sem ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir. Ennfremur gera ráðgjafarnir ekki ráð fyrir fjölgun starfsmanna á deildum í leikskólum á móti fækkun stjórnenda sem í dag sinna deildarstjórn. Þetta vegur að hluta á móti lækkuðum launakostnaði vegna fækkunar stöðugilda við stjórnun. Hinsvegar hafa Launanefnd sveitarfélaga og KÍ gert með sér samkomulag um greiðslur til stjórnenda í samreknum skólum sem einnig hækkar laun frá því sem gert er ráð fyrir í skýrslunni. Fræðslunefnd hefur því látið reikna að nýju þann launakostnað sem af sameiningu samkvæmt tillögunum myndi leiða.

### Samanburður launakostnaðar skv. tillögum ráðgjafa

Stöður	Núverandi fyrirk.	Valkostur A	Valkostur B	Sparnaður A	Sparnaður B	Munur A og B
Skólastjórar	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Aðstoðarskólastjórar	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Leikskólastjórar	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Aðstoðarleikskólastjóri/deildarstjóri	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Tónskólastjórar	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Kennarar í tónskóla	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Rekstrarstjóri	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Deildarstjórar (millistjórn.)	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Kennarar/leiðbeinendur*	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Deildarstjórar í leikskóla	*****	*****	*****	*****	*****	*****
Leikskólakennarar/leiðbeinendur	*****	*****	*****	*****	*****	*****
<b>Samtals</b>	<b>18.761.050</b>	<b>16.117.565</b>	<b>17.544.420</b>	<b>2.643.484</b>	<b>1.216.630</b>	<b>1.426.855</b>

Niðurstaðan er sú að sparnaður í launakostnaði við sameiningu skólanna yrði ekki eins mikill og niðurstöður ráðgjafanna gefa til kynna, en engu að síður umtalsverður. Athygli vekur að sparnaður af valkosti A er umtalsvert meiri en ef róttækari tillögum er fylgt.

### Staðan í rekstri fræðslustofnana

Fræðslustofnunum Fjallabyggðar má skipta í 3 meginflokkar; grunnskóla, leikskóla og tónskóla. Auk þess er starfandi fræðslufulltrúi í sveitarfélaginu sem hefur með höndum samræmingu skólastarfs, sérfræðipjónustu og ráðgjöf til skólastjórnenda. Fræðslufulltrúi hefur auk þess eftirlit með skólastarfinu og er fræðslunefnd, bæjarstjórn og bæjarstjóra til ráðgjafar í fræðslumálum. Fyrir nánari umfjöllun um skóla Fjallabyggðar, skipulag þeirra og skólastarf vísast til skýrslunnar „Fjallabyggð, Úttekt á fræðslumálum 2009“.

### Stöðugildi við fræðslustofnanir

Stöðugildi í fræðslustofnunum Fjallabyggðar eru í dag um 82. Þar ef eru 39,5 stöðugildi við skóla í Ólafsfirði og um 42,5 stöðugildi við skóla í Siglufirði.

Skóli	Stg.
Grunnskóli Ólafsfjarðar	24,15
Grunnskóli Siglufjarðar	27,66
Leikhólar, Ólafsfirði	11,88
Leikskólar, Siglufirði	11,25
Tónlistarskóli Siglufirði	3,50
Tónskóli Ólafsfjarðar	3,50
<b>Stöðugildi alls:</b>	<b>81,94</b>

### Störf í grunnskólum

Stöðugildi í kennslu í grunnskólunum eru í dag 30,6. Þá eru ótaldir skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar sem sinna kennslu í mismiklum mæli með stjórnunarstörfum. Fækkun nemenda á næstu árum mun að öllum líkindum leiða til fækkunar starfsmanna sem sinna kennslu og stuðningi við nemendur í tímum, án tillits til fyrirkomulags og kennsluáðferða. Bekkjardeildirnar eru nú 16, en gætu verið orðnar 11 á haustönn árið 2014 ef fram heldur sem horfir. Miðað við sama fjölda stöðugilda á hverja bekkjardeild (1,9 stg.) myndi það þýða um 21 stöðugildi í kennslu. Minnkandi umfang starfsemi skólanna og fækkun í starfsliði hefur í för með sér þörf fyrir færri stjórnendur.

Það er einnig ljóst að þessi þróun mun hafa áhrif á aðra starfsmenn, s.s. húsverði/umsjónarmenn og skólaliða. Í dag eru þrír starfsmenn í þremur stöðugildum húsvarða/umsjónarmanna, einu stöðugildi í hvoru skólahúsi í Ólafsfirði og hálfu stöðugildi í hvoru skólahúsi á Siglufirði. Skólaliðar eru 11 í 7,3 stöðugildum.

Meðal þess sem ráðgjafar SRR leggja til í skýrslu sinni er að húsvörðum/umsjónarmönnum verði fækkað<sup>1</sup>. Verði skólahúsum grunnskólanna fækkað má gera ráð fyrir að störfum húsvarða og skólaliða fækki einnig.

Störf húsvarðanna/umsjónarmanna eru mjög fjölbreytt. Auk þess að sinna minni viðhaldsverkefnum í húsunum og umsjón með þrifum og störfum skólaliða, hafa þeir hlutverki að gegna í frímínútnagæslu, gangavörslu og umsjón tækja og húsbúnaðar. Þeir hafa eftirlit með skólahúsum utan venjulegs vinnutíma og eru kallaðir til þegar eitthvað kemur upp í húsunum. Auk þess sinna þeir ýmsum verkum eftir þörfum, t.d. hefur húsvörður í barnaskólanum í Ólafsfirði umsjón með tölvumálum skólans og húsvörður í efra skólahúsi á Siglufirði sinnir forfallakennslu. Sumir húsvarðanna hafa einnig hlutverki að gegna í félagsstarfi nemenda, t.d. varðandi uppákomur á vegum skólans. Eðli þessara starfa hefur tekið nokkrum breytingum frá því sem áður var og sá hluti vinnutímans sem fer í eiginleg húsvarðarverkefni eins og eftirlit með ástandi bygginga og viðhald er takmarkaður.

Færa má rök fyrir að þeim viðhaldsverkefnum sem húsverðir hafa með höndum væri betur fyrirkommið á hendi eignasjóðs. Skólarnir greiða húsaleigu til eignasjóðs þar sem gert er ráð fyrir kostnaði við viðhald þeirrar fasteignar sem leigð er. Það skýtur því skökku við að grunnskólarnir skuli einnig greiða starfsmönnum laun fyrir viðhald og umsjón með viðhaldsverkefnum. Kostnaði af viðhaldi sem stofnanirnar greiða fyrir í húsaleigu er þannig velt yfir á stofnunina aftur. Aðrar stofnanir sveitarfélagsins eru ekki með sérstaka húsverði, en þá er það á ábyrgð stjórnenda og annarra starfsmanna að fylgjast með ástandi fasteigna og viðhaldsþörf. Aðstoð er kölluð til eftir þörfum frá áhaldahúsi eða verktökum. Eignasjóður ætti auk þess að geta náð fram hagræðingu í verkefnum með samnýtingu starfskrafta og útboðum á viðhaldsverkefnum í ljósi þess fjölda eigna sem falla undir eignasjóð. Þetta gæti einnig átt við þrif á húsnæðinu. Væru verkefni sem falla undir viðhald færð til eignasjóðs, yrði þó eftir sem áður að sinna öðrum verkefnum húsvarðanna.

## Störf í leikskóla

Fjöldi starfa í leikskólum ræðst að miklu leiti af fjölda barna og er endurskoðaður í upphafi hvers starfsárs. Í ljósi íbúapróunarinnar má gera ráð fyrir að starfsmönnum á deildum muni fækka á næstu árum. Aðrir starfsmenn eru starfsmenn í eldhúsum, sem framleiða og framreiða mat fyrir nemendur og starfsmenn og hreingerningafólk. Líklegt má telja að rekstur eldhúsa verði óhagstæðari eftir því sem börnunum fækkar.

## Starfsmenn í tónlistarskólum.

Fjöldi tónlistarkennara og stöðuhlutfall ræðst af fjölda nemenda og hljóðfæravali. Nú starfa 10 kennarar í um 7 stöðugildum að meðtöldum skólastjórum. Hver kennari kennir 19,55 kennslustundir en skólastjórar eru með um 40% stjórnunarhlutfall. Tónlistarskólar heyra undir valfrjáls verkefni sveitarfélaga og því getur bæjarstjórn ákveðið að takmarka framboð kennslustunda, ólíkt því sem gerist í grunnskólunum. Eftirspurn eftir tónlistarkennslu hefur farið vaxandi undanfarin ár, og í ár (2009-10) hefur þurft að takmarka aðgang að skólunum tveimur. Sett voru viðmið um að láta börn og unglinga sitja fyrir, en í einhverjum tilfellum hefur ekki verið hægt að verða við óskum yngri nemenda vegna hljóðfæravals þeirra þar sem kennarar á viðkomandi hljóðfæri hefur ekki getað bætt á sig nemendum innan þess starfshlutfalls sem þeir eru ráðnir í.

---

<sup>1</sup> Ráðgjafar SRR leggja til að húsvörðum verði fækkað úr 4 stöðugildum í 2. Hið rétta er að í dag eru fjórir starfsmenn í 3 stöðugildum.

## Stjórnun

Í sveitarfélaginu eru nú starfræktir tveir skólar af hverri tegund, auk þess sem starfsemi grunnskólanna tveggja fer fram í alls fjórum húsum. Flækjustig stjórnunar er því umtalsvert og stöðugildi stjórnenda mörg. Alls eru stöðugildi sem telja má til stjórnenda um 13 af 82,4. Það eru því um 15% allra stöðugilda. Flestir þessara stjórnenda sinna þó kennslu með stjórnuninni, þó í mismiklum mæli sé.

## Lýðfræðilegar áskoranir

Íbúum í Fjallabyggð hefur farið fækkandi undanfarin ár og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun. Árgangar á leik- og grunnskólaaldri fara því minnkandi. Árgangarnir eru auk þess mjög misjafnir að stærð sem hefur í för með sér að skipulagning skólastarfsins frá ári til árs er vandasöm. Litlir bekkir takmarka auk þess möguleika á valgreinum í eldri bekkjum grunnskóla og geta skapað einsleitt félagslegt umhverfi sem ekki hentar öllum nemendum jafn vel.

Tafla 1 sýnir yfirlit yfir grunnskólanemendur í Fjallabyggð á komandi árum. Taflan er byggð á tölum frá Hagstofunni um fjölda íbúa eftir aldri. Eins og sjá má er fækkun nemenda viðvarandi og flestir árgangar það litlir að vel mætti kenna þeim í einum bekk. Ef fram heldur sem horfir verða nemendur grunnskóla Fjallabyggðar orðnir um 200 árið 2014-15.

### Samanlagður fjöldi barna í árgöngum í grunnskóla í Fjallabyggð

Bekkur	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15
1 bekkur	17	18	16	13	16	15
2 bekkur	22	17	18	16	13	16
3 bekkur	29	22	17	18	16	13
4 bekkur	26	29	22	17	18	16
5 bekkur	28	26	29	22	17	18
6 bekkur	28	28	26	29	22	17
7 bekkur	31	28	28	26	29	22
8 bekkur	43	31	28	28	26	29
9 bekkur	33	43	31	28	28	26
10 bekkur	37	33	43	31	28	28
<b>Alls</b>	<b>294</b>	<b>275</b>	<b>258</b>	<b>228</b>	<b>213</b>	<b>200</b>

Heimild: Upplýsingar um núverandi nemendafjölda og Hagstofan

Tvær leiðir eru helstar að því að mæta þessum áskorunum. Annarsvegar má blanda saman í bekkir nemendum úr fleiri en einum árgangi (samkennsla), sem þykir hafa gefið góða raun þar sem það hefur verið gert, meðal annars í grunnskólunum í Fjallabyggð. Í sumum skólum, t.d. Salaskóla í Garðabæ, er það hluti af skipulagi skólans að blanda árgöngum í bekkir, þrátt fyrir að árgangastærð leyfi að árgöngunum sé kennt hverjum fyrir sig. Margir telja samkennslu hafa ýmsa kosti fram yfir hefðbundna árgangakennslu<sup>2</sup>.

Hins vegar er mögulegt að flytja nemendur úr einu byggðarlagi til annars og ná þannig upp fjölda í bekkjum (árgangakennsla). Þessi leið hefur í för með sér kostnað við akstur og umtalsvert skipulag, en hefur einnig gefist vel, t.d. í Snæfellsbæ. Þar er fyrirkomulagið talið hafa haft jákvæð áhrif á samfélagið og flýtt fyrir samlögun íbúa þeirra byggðarlaga sem í hlut eiga.

<sup>2</sup> Sjá til dæmis kynningu á <http://vefir.khi.is/skolathroun/Fyrirlestrar/samkennsla.ppt>



## Kostnaður

Heildarkostnaður af rekstri málaflokksins „Fræðslumál“ var rúmlega 507m.kr. árið 2008, sem eru 42,02%. Árið 2006 var kostnaðurinn 397 m.kr. en 444 m.kr. árið 2007. Kostnaður Fjallabyggðar af fræðslumálum er nokkuð lægri en meðaltal sveitarfélaga hvort sem horft er til hlutfalls skatttekna eða útgjalda á hvern íbúa. Hluti skýringarinnar er að hlutfall barna á leik og grunnskólaaldri er lægra en landsmeðaltalið .

<b>Fjallabyggð</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Útgjöld til fræðslumála	397.287.000	444.062.000	507.135.000
Skatttekjur	1.016.320.000	1.181.219.000	1.206.856.000
Hlutfall skatttekna	39,09%	37,59%	42,02%
Útgjöld til fræðslumála á íbúa	175.715	202.953	238.205
<b>Meðaltal sveitarfélaga</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Hlutfall skatttekna	52,75%	51,00%	52,15%
Útgjöld til fræðslumála á íbúa	218.640	246.921	272.404

Heimild: Upplýsingaveita sveitarfélaga

Af töflunni má sjá að kostnaður sveitarfélagsins í krónum talið hefur farið vaxandi undanfarin ár. Á milli áráanna 2006 og 2007 hækkar kostnaðurinn um 11,7% en um 14,2% á milli áráanna 2007 og 2008. Ef horft er á hlutfall af skatttekjum sést að árið 2007 lækkar hlutfallið, sem sennilega skýrist af aukningu skatttekna á milli ára um 16%, en að það hækkar aftur árið 2008. Af bráðabirgðatölum fyrir árið 2009 má ráða að hlutfallið heldur áfram að vaxa.

Ef aðeins er horft til þeirra stofnana sem hér eru til skoðunar er heildarkostnaðurinn um 491,3 m.kr. Skiptingu kostnaðar á milli stofnana má lesa úr eftirfarandi töflu:

<b>Rekstur fræðslustofnana 2008</b>	<b>Rekstur</b>	<b>Nemendur</b>	<b>Kostn. á nem./klst.</b>
Leikskólar leikskóli	54.806.664	44 nem.	1.245.606
Leikhólar leikskóli	47.468.889	33 nem.	1.438.451
Grunnskóli Siglufjarðar	196.799.373	171 nem.	1.150.874
Grunnskóli Ólafsfjarðar	153.379.926	125 nem.	1.227.039
Tónlistarskólinn Siglufirði	20083354	50,73 klst/viku	395.851*
Tónlistarskólinn Ólafsfirði	18771824	60,23 klst/viku	311.655*
<b>Alls</b>	<b>491.310.030</b>	<b>373 nem.</b>	

Heimild: Upplýsingaveita sveitarfélaga

\*Samanburður kostnaðar á kenndar klukkustundir á viku mv. 36 vikur og 19,55 klst á viku.

Eins og sjá má er rekstrarkostnaður grunnskóla og leikskóla í Ólafsfirði hærri en á Siglufirði reiknað út frá nemendafjölda. Meðaldvalartími barna á Leikhólum er lengri en á Leikskólum þannig að dæmið snýst við ef reiknað er út frá fjölda dvalarstunda. Einnig má telja eðlilegt að rekstur skóla verði óhagkvæmari eftir því sem nemendum fækkar og fjöldi í árgöngum verður óhagstæðari. Rekstrarkostnaður grunnskóla Fjallabyggðar á hvern nemanda árið 2008 var kr. 1.183.038, sem er nokkuð yfir landsmeðaltalinu sem var kr. 1.072.884. Kostnaður Fjallabyggðar er því 10,3% yfir meðaltalinu.

## Húsnæðismál Grunnskóla

Möguleikar á hagræðingu í skólamálum ráðast að nokkru leiti af því skólahúsnæði sem til er í sveitarfélaginu. Meta þarf hver húsnæðisþörfin er næstu ár og hvort það húsnæði sem er í notkun er nægilega hentugt. Í ljósi viðvarandi fækkunar nemenda undanfarin ár er einnig nauðsynlegt að skoða hvernig þeim nemendafjölda sem í sveitarfélaginu er verður best komið fyrir.

### Skólahúsin

Grunnskólahúsin eru fjögur. Í þeim eru alls 29 rými af ýmsum stærðum sem nýta má sem kennslustofur. 17 þessara stofa eru í dag nýttar sem bekkjarstofur en aðrar eru nýttar til annarra hluta s.s. sem tölvuver og bókasöfn. Þá eru ekki talin 9 rými sem notuð eru undir verkgreinakennslu, þ.e. smíðar, handavinnu, myndmennt og heimilisfræði.

Í Barnaskólahúsinu við Tjarnarstíg í Ólafsfirði eru 6 kennslustofur, sem hver um sig eru 42m<sup>2</sup>. Ein stofanna er í dag notuð sem tónmenntastofa fyrir hádegi og fyrir skólavistun eftir hádegi. Að auki er í húsinu myndmenntastofa sem eru 49m<sup>2</sup> og tölvuver og mötuneyti sem hvort um sig eru 64m<sup>2</sup>. Helsti ókostur barnaskólahússins er að þar eru ekki verkmenntastofur, þ.e. smíðastofa, heimilisfræðistofa og textílstofa. Eigi skólastarf að fara fram í húsinu liggur því fyrir að byggja þurfi við húsið. Annar ókostur er stærð stofanna, sem ekki leyfa að fleiri en 20 nemendur séu í hverjum bekk, en hægt er að opna á milli tveggja þeirra til að skapa rými fyrir einn stærri bekk. Helstu kostir barnaskólans eru þeir að í honum er mötuneyti og nálægð hans við íþróttahús og sundlaug.

Í Gagnfræðaskólahúsinu við Ægisgötu í Ólafsfirði eru 3 skólastofur sem eru 58m<sup>2</sup> og ein sem er 66,5m<sup>2</sup>. Að auki eru í húsinu 2 raungreinastofur (28,5m<sup>2</sup>), heimilisfræðistofa (22m<sup>2</sup>), smíðastofa (um 55m<sup>2</sup>) og handavinnustofa (51m<sup>2</sup>). Helstu ókostir Gagnfræðaskólans eru fáar stofur og litlar verkgreinastofur.

Í efra skólahúsi við Hlíðarveg á Siglufirði eru 5 skólastofur sem eru um 45m<sup>2</sup>, 2 sem eru um 49m<sup>2</sup> og 2 sem eru 24m<sup>2</sup>. Ein skólastofanna er nýtt fyrir handavinnukennslu (textíl) og önnur litlu stofanna er nýtt fyrir sérkennslu. Að auki eru í húsinu tölvuver (27m<sup>2</sup>), heimilisfræðistofa (71,6m<sup>2</sup>), smíðastofa (96m<sup>2</sup>), tónmenntastofa (u.þ.b. 14m<sup>2</sup>) og salur (109,5m<sup>2</sup>). Helsti ókostur hússins er að engin skólalóð er við það og verður vart komið við þar sem húsið stendur í brekku innan um önnur hús.

Í neðra skólahúsi við Norðurgötu á Siglufirði eru 10 skólastofur. Tvær þeirra eru 60m<sup>2</sup>, tvær um 49m<sup>2</sup>, ein 45,5m<sup>2</sup> (myndmennt) ein 36m<sup>2</sup> (tónmennt), tvær um 30m<sup>2</sup>, og tvær sem eru um 37m<sup>2</sup>. Opnað hefur verið á milli síðastnefndu stofanna tveggja og hún nýtt fyrir hópakennslu. Að auki eru í húsinu ein stofa sem nýtt er undir bókasafn (34m<sup>2</sup>) og íþróttasalur (113m<sup>2</sup>). Sérkennsla fer fram í tveimur 15m<sup>2</sup> herbergjum og í annarri 30m<sup>2</sup> stofanna sem einnig er nýtt sem námsver. Helstu ókostur hússins eru að þar vantar verkgreinastofur og mötuneyti. Sumar skólastofanna í húsinu eru litlar, en þar sem stærri stofur eru til staðar er sveigjanleiki til að raða í stofur eftir nemendafjölda í bekkjum.

Alls eru kennslurými um 1800m<sup>2</sup> að meðtöldum verkgreinastofum. Í tveimur húsanna er hugsanlegt að auka megi kennslurými með því að breyta nýtingu sala.

### Reglur um kennslurými

Í 4. grein reglugerðar um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009 stendur að við hönnun nýs skólahúsnæðis skuli þess gætt að nægjanlegt vinnurými sé fyrir hvern nemanda svo hann geti sinnt námi sínu. Samkvæmt reglugerðinni skal vinnurými að jafnaði vera a.m.k. 60 m<sup>2</sup> fyrir 22 - 28 nemendur, 52 m<sup>2</sup> fyrir 18 - 21 nemanda, 44 m<sup>2</sup> fyrir 13 - 17 nemendur, 36m<sup>2</sup> fyrir 12 nemendur og aldrei minni en 16m<sup>2</sup>. Ef reiknaður er út fermetra fjöldi á hvern nemanda leiða af þessum staðli kemur í ljós að hann er mismunandi eftir bekkjarstærðum. Sé miðað við 28 nemendur í

60m<sup>2</sup> eru fermetrarnir 2,14 en ef miðað er við 12 nemendur í 36m<sup>2</sup> eru fermetrarnir 3 á hvern nemanda.

Í skólahúsum Fjallabyggðar eru skólastofur á bilinu 30-67m<sup>2</sup>. Þá eru ekki meðtaldar stofur sem nýttar eru til sérkennslu eða verkgreinakenndu. Ef miðað er við lægsta gildi fermetra á nemenda skv. ofangreindum nýbyggingarstöðlum, þ.e. 2,14m<sup>2</sup> á hvern nemanda geta verið 14-30 börn í skólastofunum. Í ár eru 22 nemendur í 42m<sup>2</sup> skólastofu í Barnaskólahúsinu í Ólafsfirði, sem þykir ákaflega þröngt. Það er mat kennara í skólanum að stofurnar rúmi að hámarki 20 nemendur, sem gera 2,10m<sup>2</sup> á hvern nemanda.

### Valkostir í húsnæðismálum

Fyrirsjáanleg fækkun nemenda á næstu árum gerir það að verkum að nemendur munu sennilega rúmast í tveimur skólahúsanna innan fárra ára. Til þess að svo megi verða þarf þó að gera ákveðnar úrbætur á þeim húsum sem fyrir valinu yrðu. Því þarf að horfa fram á veginn svo ekki verði ráðist í endurbætur á húsnæði sem svo ekki nýtist að fáum árum liðnum.

Við skólahúsið við Hlíðarveg á Siglufirði er engin skólalóð og litlir möguleikar eru á viðbyggingu. Enn fremur er umtalsvert viðhald fyrirsjáanlegt við bygginguna að utan sem innan. Hér er því horft til skólahússins við Norðurgötu sem framtíðarskólahúsnæðis á Siglufirði. Þar eru fleiri kennslurými tiltæk og húsnæðið í betra ásigkomulagi. Í skólahúsinu við Ægisgötu í Ólafsfirði eru fá kennslurými, auk þess sem mötuneyti vantar í húsið. Hér verður því horft til skólahússins við Tjarnarstíg sem framtíðarskólahúsnæðis í Ólafsfirði.

Ef gert er ráð fyrir að kennt verði með hefðbundinni árgangakennslu í Grunnskóla Fjallabyggðar í tveimur byggingum má færa rök fyrir því að skólahúsið við Tjarnarstíg í Ólafsfirði henti best fyrir kennslu yngstu árganganna. Í húsinu er mötuneyti og íþróttahús og sundlaug eru í næsta nágrenni. Börnin þurfa því aldrei að fara yfir götu eða langt til að sækja þessa staði eins og á Siglufirði. Þar sem fleiri nemendur eru í eldri árgöngunum er oftast nauðsynlegt að deila þeim upp í tvær deildir. Eldri fjórir árgangarnir þurfa því fleiri skólastofur en yngri árgangarnir sex.

Ennfremur er auðveldara að raða eldri árgöngunum í skólastofurnar í skólahúsinu við Norðurgötu þar sem þær eru misjafnlegar stórar og hægt er að finna rými fyrir stærstu bekkina. Jöfn smæð skólastofanna í skólahúsinu við Tjarnargötu myndi leiða til þess að bekkjum með meira en 20 nemendum þyrfti að skipta upp.

Helstu rökin fyrir því að kenna eldri árgöngunum í Ólafsfirði er nálægðin við væntanlegan framhaldsskóla. Slík nálægð myndi auka möguleika nemenda á að taka áfanga í framhaldsskóla samhliða námi í eldri bekkjum grunnskólans. Einnig gætu skapast möguleikar á samvinnu um valgreinakenndu milli skólanna tveggja. Sú fjarlægð sem verður á milli skólanna, þótt annar sé í Ólafsfirði og hinn á Siglufirði ætti þó ekki að koma í veg fyrir samstarf að þessu leiti, enda hafa nemendur í Fjallabyggð hingað til sótt áfanga á Akureyri, Sauðárkróki og víðar.

Ennfremur má benda á að þarfir unglíngar í eldri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla varðandi bóksafn geta betur farið saman en þarfir yngri bekkja grunnskóla og framhaldsskólanema. Ávinningur af mögulegu samstarfi um bókasafnsrekstur væri því líklega meiri.

### Viðbætur við húsnæði

Í þeim skólahúsum sem fyrir valinu verða þurfa að vera eftirfarandi rými, auk skólastofa og starfsmannaaðstöðu:

#### Unglingadeild:

- Bókasafn
- Mötuneyti
- Smíðastofa
- Heimilisfræðistofa
- Myndmenntastofa
- Textílstofa
- Tölvuver/fartölvuvagn
- Raungreinastofa

#### Yngri deild

- Bókasafn
- Mötuneyti
- Smíðastofa
- Heimilisfræðistofa
- Myndmenntastofa
- Textílstofa
- Tölvuver/fartölvuvagn
- Tónmenntastofa

Í skólahúsið við Norðurgötu á Siglufirði vantar mötuneyti, smíðastofu og heimilisfræðistofu. Einn möguleiki er að byggja við húsið, sem sennilega er nauðsynlegt ef færa á skólastarfið í tvö hús í stað fjögurra. Stærð viðbyggingar ræðst þó nokkuð af öðrum möguleikum á breytingum. Nokkur umræða hefur verið um nýtingu íþróttasalar undanfarin ár í ljósi þess að byggt hefur verið íþróttahús á Siglufirði. Salurinn er fullar tvær hæðir og því mætti bæta við um 113m<sup>2</sup> við núverandi húsnæði með því að setja í hann milligólf. Með breyttri nýtingu að auki mæti því bæta við allt að 226m<sup>2</sup> af kennslurými og/eða mötuneyti sem myndi minnka þörfina fyrir viðbyggingu.

Við Barnaskólahúsið í Ólafsfirði þyrfti að bæta verkgreinastofum og bæta aðstöðu fyrir tónmenntakennslu. Skoða mætti möguleika á að breyta skipulagi í norðausturhorni miðálmunnar, sem upphaflega var hannað sem húsvarðaríbúð, þannig að rýmið nýtist betur í kennslu, t.d. í tónmennt eða handavinnu. Aðrar viðbætur við kennslurými þyrfti að byggja við húsið.

#### **Kostnaður við viðbyggingar**

Erfitt er að meta kostnað við viðbyggingu og endurnýjun húsnæðis nákvæmlega þegar forsendur liggja ekki fyrir. Kostnaðarmat verður því alltaf mjög gróft á þessu stigi máls. Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneyti er reiknað með að fermetri í skólahúsnæði kosti að meðaltali um 350.000 krónur fullbúinn, fyrir utan tæki og innréttingar. Í nýbyggingum er gert ráð fyrir 10m<sup>2</sup> á hvern nemanda með öllu.

Við mat á kostnaði þarf einnig að horfa til þess að einhverjar framkvæmdir eru fyrirsjáanlegar við húsnæði miðað við núverandi nýtingu. Til dæmis er fyrirsjáanlegt að leggja þyrfti í kostnaðarsamar endurbætur viðhald á efra skólahúsi á Siglufirði ef það ætti áfram að þjóna hlutverki skólahúss. Kostnað vegna framkvæmda sem sparast við breytingarnar á húsum sem tekin verða úr notkun má því reikna á móti kostnaði við þau húsnæði sem áfram verða nýtt. Einnig þarf að hafa í huga að sparnaður af fækkun skólahúsa helgast af því að hægt verði að selja aflögð hús eða finna önnur not fyrir þau. Tillögugerð um framtíðarnot húsnæðis fellur ekki undir starfssvið fræðslunefndar og því verða ekki gerðar tillögur að framtíðarnotum þess húsnæðis sem losnar.

Erfitt er að áætla byggingarkostnaðinn, þar sem stærðarforsendur liggja ekki fyrir, en ef gert er ráð fyrir að byggja þurfi 300m<sup>2</sup> við skólahúsið við Norðurgötu á Siglufirði (verkgreinastofur og mötuneyti) og 200m<sup>2</sup> við húsið við Tjarnargötu, yrði kostnaðurinn um 175 m.kr. miðað við framangreindar forsendur. Þá er ekki gert ráð fyrir húsnæði fyrir tónlistarskóla, sem gætu verið um 100-120m<sup>2</sup> (35-42 m.kr.) til viðbótar.

#### **Lengd viðvera**

Gera þarf ráð fyrir lengdri viðveru í skólahúsnæði fyrir yngra stig. Talsverð óánægja hefur verið með fyrirkomulagið á Siglufirði, þar sem lengda viðveran hefur verið í húsnæði leikskólans Leikskála. Í Ólafsfirði er stofa samnýtt fyrir lengda viðveru og tónmenntakennslu, sem einnig hefur ókosti í för með sér, sérstaklega fyrir tónmenntakennsluna, þar sem ganga þarf frá hljóðfærum og öðrum kennslutækjum sem annars gætu staðið frammi tilbúin til notkunar. Ef börnunum verður ekið á milli

bæjarkjarna má gera ráð fyrir að biðtími milli skólaloka og rútuferða hafi áhrif á ásókn í lengda viðveru.

## Nemendafjöldi í bekkjum

Í grunnskólum Fjallabyggðar eru í dag 294 nemendur, 126 í Ólafsfirði og 168 á Siglufirði. Alls eru börn á aldrinum 0-15 ára eru 386. Á grundvelli núverandi árgangastærða má meta nemendafjölda í bekkjum í grunnskóla næstu ár. Útlit er fyrir að nemendum muni fækka verulega á næstu árum. Þannig mun nemendum í Ólafsfirði fækka um 24% og nemendum á Siglufirði um 38% að öðru óbreyttu fram til ársins 2015. Það er því ljóst að breytingar munu verða á fjölda starfsmanna og húsnæðisþörf skólanna á næstu árum í takti við þessa þróun.

### Grunnskóli Ólafsfjarðar

Bekkur	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15
1 bekkur	7	5	10	3	8	8
2 bekkur	13	7	5	10	3	8
3 bekkur	16	13	7	5	10	3
4 bekkur	12	16	13	7	5	10
5 bekkur	14	12	16	13	7	5
6 bekkur	10	14	12	16	13	7
7 bekkur	12	10	14	12	16	13
8 bekkur	23	12	10	14	12	16
9 bekkur	11	23	12	10	14	12
10 bekkur	8	11	23	12	10	14
<b>Alls</b>	<b>126</b>	<b>123</b>	<b>122</b>	<b>102</b>	<b>98</b>	<b>96</b>

Heimild: Upplýsingar um núverandi nemendafjölda og Hagstofan.

Svartur rammi sýnir samkenndu árganga

### Grunnskóli Siglufjarðar

Bekkur	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15
1 bekkur	10	13	6	10	8	7
2 bekkur	9	10	13	6	10	8
3 bekkur	13	9	10	13	6	10
4 bekkur	14	13	9	10	13	6
5 bekkur	14	14	13	9	10	13
6 bekkur	18	14	14	13	9	10
7 bekkur	19	18	14	14	13	9
8 bekkur	20	19	18	14	14	13
9 bekkur	22	20	19	18	14	14
10 bekkur	29	22	20	19	18	14
<b>Alls</b>	<b>168</b>	<b>152</b>	<b>136</b>	<b>126</b>	<b>115</b>	<b>104</b>

Heimild: Upplýsingar um núverandi nemendafjölda og Hagstofan.

Svartur rammi sýnir samkenndu árganga.

## Hámarksfjöldi í bekkjum

Samkvæmt upplýsingum frá menntamálaráðuneyti hafa viðmið um hámarksfjölda í bekkjardeildum verið felld úr gildi. Hámarkið var bundið í grunnskólalög þar til sveitarfélögin tóku við grunnskólanum af ríkinu árið 1996. Hámarksviðmiðin voru eftirfarandi í grunnskólalögum í febrúar 1996:

Bekkur	Fjöldi
1.bekkur	18
2.-3. bekkur	22
4-10. bekkur	28

Í samkennslubekkjum fór hámarksfjöldi nemenda eftir fjölda árganga í bekkjardeild:

Árgangar	Fjöldi
>4 árg.	8
4 árg.	12
3 árg.	17
2 árg.	22

Í lögum voru heimildir til að fjölga í bekkjum miðað við ofangreind viðmið, gegn því að kennslustundum væri fjölgað. Gert var ráð fyrir að 8.-10. bekk væri kennt í árgöngum.

## Kennsluaðferðir

Við endurskipulagningu á fyrirkomulagi fræðslumála er nauðsynlegt að horfa til þeirra kennsluhátta sem ætlunin er að verði notaðir í sveitarfélaginu í nánustu framtíð. Nokkur samhljómur er í grunnskólasamfélaginu um að æskilegt sé að námið taki mið af þörfum hvers og eins nemanda og að boðið sé upp á fjölbreytni í kennslunni. Í fjölbreyttu bekkjarstarfi, hvort sem um er að ræða aldursbundna eða aldursblandaða bekki, stendur nemendum til boða fjölbreytt námsreynsla sem reynir á margskonar þekkingu og færni og margskonar viðmið um árangur eru notuð og viðurkennd. Þannig er hægt að ná fram því besta í hverjum og einum og halda kennslunni lifandi og áhugaverðri. Nýverið var samþykkt fræðslustefna fyrir Fjallabyggð þar sem sett eru fram markmið um kennsluhætti sem eru í góðu samræmi við þessa sýn.

Hér á eftir fer umfjöllun um þær tvær megináðferðir sem miða að því að ná þessum markmiðum. Umfjöllunin tekur mið af að hér sé um tvo meginvalkosti að ræða, annarsvegar samkennslu árganga í heimabæ nemenda og hinsvegar árgangakennslu þar sem nemendum væri ekið á milli byggðarkjarna.

## Samkennsla<sup>3</sup>

Í umræðunni um fámenna skóla á Íslandi er algengt að talað sé um samkennslu eða samkennsluskóla. Hugtakið felur fyrst og fremst í sér að nemendum úr tveimur eða fleiri litlum árgöngum sé kennt saman í bekk vegna nemendafæðar. Það segir þó lítið um þau vinnubrögð sem samkennsla felur í sér eða þær ástæður sem liggja að baki því að hún er tekin upp. Til er skólafólk í fjölmönnum skólum sem aðhyllist samkennslu vegna þess að það telur ávinninginn fyrir nemendur meiri í slíku kennsluskipulagi en í einum árgangi.

Í huga margra felur samkennsla í sér að árgangarnir sem mynda samkennslubekki séu meira og minna aðgreindir innan hans og kennt í til skiptis, hvorum í sínu lagi að ólíkum verkefnum. Þeir sem aðhyllast

<sup>3</sup> Heimildir; Rúnar Sigbórsson (2003) „Samkennsla árganga“

samkennslu vilja að árgöngunum sé kennt saman sem einni heild, þ.e. samstæðum hópi með mismunandi námsþarfir án mikillar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu. Tilgangurinn er að skapa nemendum á mismunandi aldri og getustigi aðstæður til náms á eigin forsendum og skapa betri kennsluaðstæður með þarfir nemandans að leiðarljósi. Markmiðið er því ekki eingöngu að spara með betri nýtingu húsnæðis og fjármagns.

Íslenskar rannsóknir (Ingvar Sigurgeirsson 1992 og Rósa Eggertsdóttir 1995) benda til þess að ríkjandi kennsluhættir á miðstigi í grunnskóla séu að vinna að sömu verkefnum á sama tíma, án tillits til þroska og getu. Það er algengt að kennarar og foreldrar telji að öll börn á sama aldri, séu tilbúin til að læra það sama á sama tíma. Slíkt er fjarri lagi og hefur í för með sér að sum börn ná ekki árangri við þær námsaðstæður sem þeim eru búar. Í einsleitu bekkjarstarfi er stuðst við þröngar skilgreiningar á námsárangri nemenda og einhæf viðmið um bókvit til að meta námsárangur þeirra. Viðfangsefni nemenda reyna einungis á afmörkuð svið þekkingar, færni og áhuga nemenda.

Samkennsla er talin krefja kennarann um fjölbreyttari kennsluhætti og kennslu sem tekur mið af þroska og þörfum nemenda. Hún er einnig talin byggja á virkni nemenda og fjölbreyttum vinnubrögðum. Aldursblandaður bekkur kallar á annað hugarfar kennarans og annað skipulag þar sem einstaklingar eða litlir hópar geta verið að læra mismunandi hluti hlið við hlið og að einstakir nemendur geti lagt misjafnt af mörkum til sameiginlegra verkefna. Í aldursblönduðum bekkjum má búast við meira umburðarlyndi gagnvart einstaklingsmun og margt bendir til að það dragi úr þeirri tilhneigingu kennara að ætla öllum börnum að læra það sama á sama tíma. Einnig er samkennsla talin hvetja kennara til að miða við þroska nemenda fremur en árgang. Það er alls ekki víst að allir nemendur í sama árgangi hafi t.d. þroska til að takast á við viðfangsefni sömu bókarinnar.

Vel heppnuð samkennsla felur ekki í sér fastskorðaða kennslubókamiðaða námskrá, fábreyttar kennsluaðferðir né skýra aðgreiningu námsgreina. Námsmat í samkennslu byggir á mati á árangri hvers og eins fremur en samanburði nemenda. Í samkennslubekkjum er fjölbreyttari hegðun viðurkennd og börn sem eru komin styttra í þroska á einhverjum sviðum eiga auðveldlegar uppdráttar innan um yngri samnemendur og það getur styrkt námsáhuga þess og sjálfsmynd.

## Ókostir og áhætta

Aðstæður hverju sinni, nemendafjöldi, hæfni og kennsluhættir kennara og fleira geta haft áhrif á árangur nemenda, án tillits tilskipulags skólastarfsins. Þannig getur aldursblöndun í bekk verið óheppileg ef kennarinn er ekki undir það búinn að tileinka sér þær aðferðir sem til þarf til að kostir samkennslu náist fram eða ef kennarinn stendur ekki undir þeim auknu kröfum sem til hans eru gerðar. Ein helsta áhættan varðandi samkennslu er að kennslan verði kennsla tveggja eða fleiri bekkja í sömu skólafunni án þess að kostir samkennslu séu nýttir. Faglegur ávinningur slíkrar samkennslu er enginn.

Í Fjallabyggð er eitt helsta vandamálið miklar sveiflur í árgangastærðum í bæjunum tveimur, sem getur skapað vandamál í skipulagningu og röðun í bekki, jafnvel þótt gripið sé til samkennslu. Samkennsla í 1. og 2. bekk skapar vandamál þar sem bilið milli þessara bekkja er mikið og eðli kennslu þeirra mjög mismunandi. Afstaða skólastjórnenda í Grunnskóla Siglufjarðar og reynsla kennara 1. og 2. bekkjar í Grunnskóla Ólafsfjarðar er að æskilegra sé að kenna 1. bekk út af fyrir sig. Það þykir heldur ekki heppilegt að samkenna bekkjum sem eru mjög misjafnir að stærð. Hætta er á að stærri bekkurinn verði of fyrirferðarmikill og taki of mikla athygli og minni bekkurinn verði útundan bæði námslega og félagslega. Einnig er hætta á að of litlar kröfur séu gerðar til elsta árgangsins í samkennsluhópnum, sérstaklega ef elsti árgangurinn er lítill<sup>4</sup>. Því fleiri sem árgangarnir eru því meira verður bilið milli þeirra sem best eru staddir og þeirra sem styst eru komnir, þótt vissulega séu bekkir misjafnir að þessu leiti. Ekki þykir heldur heppilegt að kenna of mörgum árgöngum saman eða of

<sup>4</sup> Sjá t.d. [http://nyr.salaskoli.is/index.php?option=com\\_docman&task=doc\\_download&gid=211&Itemid=51](http://nyr.salaskoli.is/index.php?option=com_docman&task=doc_download&gid=211&Itemid=51)

fáum börnum í bekk, sem einnig er fjárhagslega óhagkvæmt. Það getur því verið erfitt að púsla saman hagstæðum bekkjareiningum verði samkennsla fyrir valinu.

Skipulag kennslustunda skiptir einnig verulegu máli. Kennarinn þarf að ráða við að setja öllum fyrir verkefni og halda öllum við efnið, jafnvel þótt hann þurfi að sinna einstaklingi eða hluta nemenda sérstaklega. Nemendur þurfa að fá verkefni sem þeir geta leyst af eigin rammleik eða með félögum sínum á meðan athygli kennarans beinist að öðrum. Kennari, sem á að kenna aldursblönduðum námshópi, verður að útbúa talsvert námsefni sjálfur vilji hann á annað borð nýta sér þá kosti sem samkennslan gefur.

## Árgangakennsla

Þrátt fyrir að ýmis rök séu fyrir því að samkennsla árganga sé af hinu góða og geti jafnvel haft kosti fram yfir árgangakennslu á sumum sviðum, má einnig færa rök fyrir ágæti árgangakennslu. Kjarninn í samkennslu í sinni bestu mynd eru fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðun náms og námsefnis, sem einnig má ná fram í árgangakennslu. Einnig má færa rök fyrir því að áhættan sé minni á að árgangakennslan „misheppnist“. Aðalatriðið er því að markmiðum um nútímalega kennsluhætti sé náð og að tekið sé mið af því að nemendur hafa mismunandi námsstíl, -þarfir og -getu. Þeim henta því mismunandi námsleiðir. Í slíku umhverfi aukast líkur á því að allir nemendur fái nám við sitt hæfi og nái árangri.

Ef börnum frá báðum bæjarkjörnum er kennt saman minnka sveiflurnar í árgangastærðum miðað við sveiflurnar í hvorum bæ fyrir sig. Börnin í minnsta árganginum eru 13 sem er ágæt bekkjareining, þótt lítil sé. Því fleiri sem nemendur eru í bekkjardeildum er hægt er að gera ráð fyrir fleiri verk- og bóklefum greinum og því fjölbreyttara námi. Þegar tveir litlir árgangar eða bekkir á Siglufirði og Ólafsfirði sameinast í einn stærri hóp eykst einnig margbreytileiki nemenda. Í stærri hópi eru meiri líkur á að nemendur finni félagi á sama reki og geti myndað tengsl við fleiri börn. Það eru því minni líkur á að nemendur verði útundan.

Gera má ráð fyrir því að aukið samneyti kennara í sambærilegum verkefnum og ný samsetning kennarahópsins skapi nýjar hugmyndir, auki metnað og fjölgi þróunarverkefnum í þágu nemenda til að efla skólustarf. Einnig geta skapast aðstæður til fjölbreyttari kennsluhátta s.s. samþættingu námsgreina, einstaklingsmiðaðs náms, og möguleika á að hafa stóra nemendahópa eða minni, allt eftir viðfangsefni nemenda hverju sinni. Minni líkur er á faglegri einangrun kennara þar sem í litlum skólum er einn fagkennari í hverju fagi. Með sameiningu geta kennarar minnkað álag og aukið faglegt samstarf sem getur aukið á starfsánægju þeirra. Með fleiri kennurum í sambærilegri kennslu skapast einnig meiri sveigjanleiki í mönnun t.d. forfallakennslu þar sem hægt er að leita til fleiri kennara. Með auknum nemendafjölda skapast einnig meira öryggi fyrir sérfræðinga og meira aðlaðandi starfsumhverfi. Sérfræðingar geta skipulagt vinnu sína betur en áður. Þannig nýtast starfskraftar skólans betur í sameinuðum skóla.

Blöndun nemenda frá Ólafsfirði og Siglufirði í bekkjum getur einnig haft jákvæð áhrif á samfélagið allt. Nemendur beggja byggðakjarna kynnast bæði í skólanum og utan skóla, s.s. í afmælum og á skólasamkomum. Samlögum nemenda í bekkjum smitar út frá sér, eykur samneyti hinna fullorðnu og getur þannig flýtt fyrir samlögum samfélagsins alls.

## Akstur á milli bæjarkjarna

Skipulag sem miðast við árgangakennslu myndi hafa í för með sér að aka þyrfti nemendum á milli bæjarkjarna. Ef skólahús eru í báðum byggðarkjörnum hefur það í för með sér að aka þarf nemendum í báðar áttir, sem segja má að sé hagkvæmara en ef aðeins er ekið í aðra áttina þar sem báðar ferðir bílsins eru nýttar.



Ef gert er ráð fyrir að nemendum á unglingsstigi (7.-10. bekkur) í Ólafsfirði sé ekið til Siglufjarðar veturinn 2010-11 er um að ræða 54 nemendur. Á næstu árum eru nemendur á þessum aldri breytilegur á milli ára á bilinu 48-64. Mjög svipaður fjöldi nemenda er í þeim hópi sem aka þyrfti frá Siglufirði til Ólafsfjarðar frá og með haustönn 2012. Ástæða þess að munurinn er svo mikill 2012-13 er að gert er ráð fyrir að 6. bekkur verði á Siglufirði þann vetur.

Fjöldi nemenda í skólaakstri					
	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15
Til Siglufjarðar	56	59	64	52	55
Til Ólafsfjarðar	0	0	48	56	54
	<b>56</b>	<b>59</b>	<b>112</b>	<b>108</b>	<b>109</b>

Samkvæmt upplýsingum frá Snæfellsbæ kostar akstur þar svipað og þrjú stöðugildi kennara. Áætla má að það séu um 14 m.kr. á ári. Inn í þeirri tölu eru ekki laun „rútufreyja“, sem eru starfsmenn sem sinna gæslu í rútunum. Skólaliðar grunnskólans sinna þessu hlutverki með öðrum störfum og því er viðbótarkostnaður vegna þeirra talinn vera óverulegur. Rúturnar fara nokkrar ferðir yfir daginn, einnig eftir að skóla líkur til að gera börnum kleift að sækja íþróttæfingar og félagslíf. Ferðirnar eru einnig nýttar sem almenningssamgöngur og standa öllum til boða án endurgjalds. Fyrirkomulagið þykir hafa gefist vel.

### Áhætta og ókostir

Mesta hættan er að ekki verði hugað nóg að góðum skilyrðum til starfsþróunar og þróunarstarfs fyrir kennara og aðra starfsmenn. Starfsþroski og starfsþróun eru að verulegu leyti komin undir þeim skilyrðum til náms og þroska sem kennurum eru búin í skólum. Eitt af því sem einkennir þá skóla sem ná árangri í þróunarstörfum er að þeir skapa kennurum góð skilyrði að þessu leyti og eru stofnanir sem læra; lífandi samfélög þar sem kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn læra og þroskast, ekki síður en nemendur. Mikilvægt er að skapa sameiginleg þróunarverkefni svo kennurum finnst þeir eiga hlutdeild í nýjum skóla.

Viss hættan er á að blöndun nemenda frá bæjarkjörnum tveimur geti valdið togstreitu í fyrstu, sérstaklega meðal eldri nemenda, sem líklegastir eru til að hafa myndað sterkar félagslegar heildir. Aukin hættan er sömuleiðis á samskiptavandamálum og einelti í fyrstu. Því þarf að vera vakandi yfir velferð nemenda og bregðast strax við ef þess gerist þörf.

Einnig er hættan á að breytingar á skipulagi mæti andstöðu meðal starfsmanna og annarra hagsmunaaðila. Breytingar eru sársaukafullar fyrir marga og því þarf að gera ráð fyrir nægum stuðningi fyrir kennara og svigrúmi til að laga sig að nýjum aðstæðum. Það má heldur ekki gleyma að breytingarnar á kennsluháttum þurfa að koma frá kennurum. Mikilvægt er að starfsmennirnir fái að koma að mótun skólastarfsins og mótun kennsluhátta til að auka líkur á að breytingarnar takist vel og að þeim verði vel tekið. Stjórnendur skipta hér miklu máli. Þeir þurfa að sýna vinnu starfsmanna skilning og áhuga og vera hvetjandi. Þeir þurfa að leiða þá þróun sem á að eiga sér stað og vera sterkir faglegir leiðtogar.

### Leikskólar

Í tillögum ráðgjafa SRR um fræðslustofnanir er lítið fjallað um leikskólana. Ráðgjafarnir gera þó ráð fyrir að starfsstöðvar séu reknar í báðum bæjarkjörnum undir stjórn eins skólastjóra. Í tillögum ráðgjafanna er gert ráð fyrir að stjórnandinn í því húsi þar sem leikskólastjóri væri ekki með bækistöð yrði titlaður deildarstjóri. Stjórnunarábyrgð þess starfsmanns yrði minni en ábyrgð aðstoðarskólastjóra og ekki hægt að gera kröfur um sama framlag til stjórnunar stofnunarinnar og til

starfsmanns sem væri titlaður aðstoðarskólustjóri. Launamunur á þessum starfsheitum er þó fremur lítil. Aðeins tveir launaflokkar skilja stöðuheitin að eða um 10.000 kr. á mánuði.

Skipulag leikskólastarfs er með öðrum hætti en í grunnskóla. Rík hefð er fyrir aldursblöndun í deildir og viðfangsefni árganganna eru líkari í leikskóla en í grunnskóla þar sem áhersla er á nám í gegnum leik. Hópastarf byggist þó gjarnan á árgöngum. Faglegur ávinningur af því að færa skólafarið í eitt hús til að fjölga nemendum í árgöngum yrði minni en í grunnskóla. Ekki þykir heldur æskilegt að aka börnum á leikskólaaldri á milli byggðarkjarnanna í rútum og því þarf að gera ráð fyrir að foreldrar geti komið börnum sínum í leikskóla að morgni og sótt þau síðdegis. Væri aðeins rekinn leikskóli í öðrum byggðarkjarnanum yrði ferðatími og kostnaður foreldra í hinum byggðarkjarnanum umtalsverður. Óhagræðið og þjónustuskerðingin gagnvart þessum hópi þykir ekki réttlæta slíka ráðstöfun. Eftir opnun ganga mætti þó gefa foreldrum, sem vinna annarsstaðar en í heimabænum, kost á að velja þann leikskóla sem er nær vinnustaðnum.

Sameining stofnananna tveggja myndi auka samgang milli þeirra og stuðla að auknu samstarfi. Með sameiningu mætti því skapa vettvang fyrir samvinnu um þróunarverkefni og annað faglegt starf í leikskólunum. Að öðrum kosti er hætta á að starfsfólk á leikskólunum einangrist í faglegu starfi.

Sameining í einu húsi myndi hafa takmörkuð áhrif á fjölda almennra starfsmanna, umfram þá fækkun stjórnenda sem einnig næst fram með sameiningu leikskólanna í tveimur starfsstöðvum. Mönnunarpörf leikskóla er endurskoðuð á hverju ári miðað við fjölda barna. Fjöldi stöðugilda og starfshlutfall er lagað að þörfinni hverju sinni. Sameining leikskólanna undir einn skólustjóra hefði því ekki bein áhrif á mönnun í öðrum stöðum en stjórnunarstöðum. Þó mætti skoða möguleika á að samnýta mótuneytiseldhús. Eldhúsið í Ólafsfirði er mjög vel búið og gæti annað mun meiri fjölda en í dag. Æskilegt væri að gerður yrði samanburður á kostnaði við framleiðslu matar í eldhúsum leikskólanna og kostnaði af aðkeyptum mat í grunnskólunum til að meta hvor kosturinn er hagstæðari. Hugsanlegt væri að bjóða út rekstur eldhússins til að auka hagkvæmni og stuðla að samkeppni á markaði.

Ráðgjafarnir leggja til að 5 ára börn (skólahópur) taki þátt í samkenndu yngstu bekkja grunnskóla í 8-10 kennslustundir á viku til að byrja með. Verði yngri bekkjum grunnskóla kennt í Ólafsfirði þyrfti að skipuleggja samstarf skólustiganna með tilliti til þess að fjarlægðir yrðu meiri. Þetta mætti leysa með því að hafa samstarfið meira í skemmri tíma og miða við skólaaksturinn. Hafa ber í huga að börnin yrðu frekar fá, og þyrfti að kynnast skólaakstrinum líkt og öðrum þáttum skólustarfsins.

## Tónlistarskóli

Í tillögum ráðgjafa SRR er gert ráð fyrir að starfsemi tónskóla sé fléttuð inn í starfsemi grunnskólanna. Þetta hefur verið gert undanfarin ár í báðum bæjarkjörnum og þykir gefa góða raun. Þó nefna kennarar grunnskólanna að það setji strik í reikninginn varðandi skipulagningu skólustarfsins að reikna þurfi með því að nemendur séu fjarverandi vegna tónlistarnáms og að taka þurfi tillit til þess við skipulagningu vettvangsferða og annarra óreglulegra þátta skólustarfsins. Flestir nemenda fara úr tímum í grunnskólanum og fara í tíma í húsnæði tónlistarskólans, en tónlistarskólinn hefur haft aðstöðu í litlu herbergi í skólahúsinu við Hlíðarveg á Siglufirði.

Tillögur ráðgjafanna má skilja sem svo að þeir mæli með enn meiri samþættingu en þegar er fyrir hendi. Tónfræðikennsla er í höndum kennara tónlistarskóla og nemendur fara úr kennslustundum í grunnskóla í námið í tónlistarskólanum. Tónlistarnám er að auki metið sem valgrein í grunnskólunum. Það er því vandséð að hægt sé að auka samþættingu nema skólarnir deili húsnæði, eins og ráðgjafarnir leggja til í Ólafsfirði. Eigi tillögur þeirra að ná fram að ganga að þessu leiti þarf að byggja hentugt húsnæði fyrir tónlistarkennslu við skólahúsið við Tjarnargötu, þar sem engin aðstaða er fyrir hendi í dag. Aðrir möguleikar sem nefndir hafa verið í umræðunni um húsnæðismál tónskólans eru

þeir að tónlistarskóli fái hluta skólahússins við Ægisgötu til afnota eftir að starfsemi grunnskólans færast þaðan eða að tónskólinn verði áfram í því húsi sem hann er í nú, en fái allt húsið undir starfsemi og bókasafnið verði flutt annað. Það er þó óvíst að breytingar og aðlögun á húsinu væru ódýrari en kostnaður af viðbyggingu við grunnskólann.

Helsti kosturinn við sameiningu tónlistarskólanna er sá að möguleiki skapast á samnýtingu kennara milli byggðarkjarna og því gætu möguleikar nemenda í hljóðfæravali á hvorum stað fyrir sig aukist. Sameining tónlistarskóla og hugsanlegar breytingar á starfi grunnskólanna myndi því krefjast aukins sveigjanleika af kennurum, en ætti jafnframt að auka möguleika á samstarfi og bæta faglegt umhverfi þeirra. Hafa þarf í huga að breytingar á grunnskólastarfi geta haft veruleg áhrif á skipulag starfsins í tónlistarskólanum. Við breytingarnar á skipulagi í grunnskólanum geta orðið umtalsverðar breytingar á nemendahópnum á hvorum stað, sem taka þarf tillit til við skipulag skólustarfsins í tónlistarskólanum.

## Niðurstaða og tillögur

Fræðslunefnd telur að sameina beri skólastofnanir í Fjallabyggð til að auka yfirsýn í skólastarfinu og sveigjanleika til að bregðast við sveiflum í árgangastærðum. Nefndin telur að með sameiningu skóla megi betur tryggja gæði skólustarfsins með hagkvæmum hætti en ella.

Fræðslunefnd leggur til að valkostur A í tillögum ráðgjafa menntavísindasviðs HÍ verði fylgt í meginatriðum. Nefndinni þykir mikilvægt að halda í fagskólastjóra á hverju skólastigi, þ.e. að yfir hverri stofnun sé faglegur yfirmaður með góðan skilning á því starfi sem undir hann heyrir. Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki sé vænlegt að sameina skólastofnanir í eina eins og lagt er til í leið B. Sú leið leiðir auk þess af sér minni sparnað en leið A samkvæmt útreikningum starfsmanna Fjallabyggðar. Fræðslunefnd leggur því til að grunnskólar Fjallabyggðar verði sameinaðir í einn grunnskóla, leikskólar í einn leikskóla og tónlistarskólar í einn tónlistarskóla. Þó telur nefndin að æskilegt sé að víkja frá tillögnum í eftirtöldum atriðum:

1. *Að ekki verði ráðinn rekstrarstjóri við grunnskólann.*  
Nefndin telur ekki að næg verkefni séu fyrir hendi fyrir slíkan stjórnanda eða að hagkvæmt sé að skilja verkefni sem sinnt er hjá stjórnslu sveitarfélagsins frá sambærilegum verkefnum fyrir aðrar stofnanir. Nefndin telur æskilegra að gert sé ráð fyrir stöðu aðstoðarskólastjóra skólastjóranum til stuðnings. Aðstoðarskólastjóri væri staðgengill skólastjóra og yfirmaður þess skólahúss þar sem skólastjóri væri ekki með aðalbækistöð.
2. *Að nemendum yngra stigs verði kennt á einum stað í stað tveggja innan fárra ára.*  
Gera má ráð fyrir að nemendafjöldi á næstu árum leyfi að skólabyggingum grunnskóla verði fækkað um tvær, ef ekki verður breyting á þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu. Miðað við fjölda barna í árgöngum í dag má gera ráð fyrir að þetta verði mögulegt veturinn 2012-13. Nefndin telur ákjósanlegast að bekkir séu að jafnaði skipaðir jafnöldrum og að sú fjarlægð sem verður á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar eftir opnun Héðinsfjarðarganga sé ekki svo stór hindrun að hún vegi á móti þessu sjónarmiði. Ennfremur gæti reynst erfitt að skipa í samkennslubekki á Siglufirði og í Ólafsfirði vegna mikilla sveiflna í árgangastærðum. Nefndin telur æskilegt að stefna að því að yngri stigi verði kennt í Ólafsfirði og eldri stigi á Siglufirði frá og með haustönn 2012. Það er því tillaga nefndarinnar að Valkosti A verði fylgt fram að þessum tíma og nemendum á yngri stigi kennt á báðum stöðum en unglíngastiginu í efra skólahúsi á Siglufirði strax og samgöngur leyfa. Nýta þarf tímann fram að skólabyrjun á haustönn 2012 til að gera nauðsynlegar breytingar á skólahúsnæði.



3. *Að ráðnir verði aðstoðarskólastjórar við skólana þrjá en ekki deildarstjórar.*  
Fræðslunefnd telur að til að tryggja faglega stjórnun og til að koma í veg fyrir að álag verði of mikið á skólastjórum sé æskilegt að þeir hafi aðstoðarskólastjóra sér til stuðnings frekar en deildarstjóra, eins og ráðgjafarnir gera ráð fyrir í tillögum sínum. Nefndin telur að faglegur ávinningur af því að ráða aðstoðarskólastjóra vegi þyngra en sá kostnaður sem af því hlýst, enda er hann óverulegur.  
Þó þyrfti að ráða deildarstjóra í tímabundna stöðu í þriðja húsið á meðan það er enn í notkun.
4. *Að skipulagður verði skólaakstur á milli bæjarkjarnanna.*  
Fræðslunefnd leggur á það áherslu að skólaakstur verði skipulagður á milli bæjarkjarnanna sem gerir börnunum kleift að ferðast milli heimilis og skóla sem líkast því og nú gerist. Gæta þarf þess í skipulagi skólastarfs og aksturs að biðtími barna eftir ferð heim verði sem minnstur. Skipulag skólastarfs þarf að taka mið af þeim akstri sem nauðsynlegur er og bjóða þarf upp á uppfyllingu fyrir nemendur í eyðum sem kunna að verða í stundaskrá, t.d. með heimanámsaðstoð, tónlistarkennslu o.þ.h. Ráða þyrfti skólaliða til að sinna eftirliti í áætlunarbílum eða gera ráð fyrir gæslu í útboði á akstrinum.
5. *Að gerðar verði nauðsynlegar endurbætur á skólahúsnæði vegna skipulagsbreytinganna.*  
Fræðslunefnd leggur til að verkgreinastofur verði byggðar við skólahúsið við Norðurgötu á Siglufirði og við skólahúsið við Tjarnargötu í Ólafsfirði. Einnig þarf að koma mötuneytisaðstöðu inn í skólahúsið á Siglufirði. Gera þarf ráð fyrir skólasamkomum í báðum húsum og félagsaðstöðu í skólahúsinu á Siglufirði þar sem unglíngastigið yrði. Huga þarf að aðstöðu fyrir lengda viðveru í skólahúsinu í Ólafsfirði.  
Nýta mætti aðstöðu í eldri húsum þar til nýtt húsnæði yrði tilbúið eða leigja færanlegar skólastofur tímabundið á meðan á framkvæmdum stendur.
6. *Að verkefni sem varða viðhald fasteigna verði færð til eignasjóðs.*  
Æskilegt væri að hlutverk og starfssvið húsvarða væru endurskoðuð og samræmd samhliða annarri endurskoðun á skipulagi fræðslustofnana. Þar sem skólarnir greiða húsleigu til eignasjóðs þar sem meðal annars er gert ráð fyrir viðhaldi og umsjón fasteigna þykir nefndinni eðlilegast að eignarsjóður greiði laun starfsmanna sem vinna við þessi verkefni. Þetta á við um hluta þeirra verkefna sem húsverðir sinna. Nefndin telur einnig að ná megi fram hagræðingu með því að færa umsjón allra fasteigna sveitarfélagsins undir einn hatt.
7. *Að skólastarf og frístundastarf í Fjallabyggð verði samþætt.*  
Nefndin leggur til að samstarf verði haft við Íþróttafélög og aðra aðila um skipulagningu frístundastarfs í beinu framhaldi af skólastarfi og að tekið verði mið af þessu starfi við skipulagningu ferða. Nýta mætti ferðirnar sem almenningssamgöngur, auk þess sem hugsanlegt er að einhver samlegð sé milli þessa aksturs og almenningssamgangna í Eyjafirði sem nýverið var stofnað rekstrarfélag um. Ætla má að ferðirnar geti einnig nýst nemendum framhaldsskólans í Ólafsfirði.
8. *Að húsnæðismál tónskóla í Ólafsfirði verði leyst samhliða endurskipulagningu.*  
Í tengslum við endurskipulagninguna þarf að bæta úr húsnæðismálum tónskólans í Ólafsfirði, annað hvort með því að byggja við skólahúsið við Tjarnarstíg, eða með því að búa skólanum hentugt húsnæði í annarri byggingu. Verði aðstaða tónskólans tengd barnaskólahúsinu þarf að gæti að aðskilnaði frá annarri starfsemi, annarsvegar með tilliti til faglegs starfsumhverfis tónlistarskólans og hinsvegar til að koma í veg fyrir truflun á starfi beggja skóla.

## Fjárhagslegur ávinningur

Fjárhagslegur ávinningur af breytingum þeim sem fræðslunefnd leggur til væri annarsvegar sparnaður í launakostnaði og hinsvegar lægri rekstarkostnaður fasteigna. Gert er ráð fyrir launakostnaður sveitarfélagsins myndi lækka um 4,2-4,4 m.kr. á mánuði eða um 50-52 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að launakostnaður sé um 20% hærri en verg laun starfsmanna. Taflan hér að neðan sýnir útreikninga þessa sparnaðar:

### Launakostnaður í fræðslustofnunum

Stöður	Núverandi fyrirk.	Eftir breytingar	Mismunur
Skólastjóri/ar	*****	*****	*****
Aðstoðarskólastjóri/ar	*****	*****	*****
Leikskólastjórar	*****	*****	*****
Aðstoðarleikskólastjóri	*****	*****	*****
Tónskólastjórar	*****	*****	*****
Aðstoðarskólastjóri tónskóla	*****	*****	*****
Tónskólakennarar	*****	*****	*****
Deildarstjórar (millistjórn.)	*****	*****	*****
Kennarar/leiðbeinendur*	*****	*****	*****
Deildarstjórar í leikskóla	*****	*****	*****
Leikskólakennarar/Aðstoðarleikskólakennarar/leiðbeinendur	*****	*****	*****
	<b>18.761.050</b>	<b>15.201.597</b>	<b>-4.378.127</b>

Að auki myndi sparast rekstarkostnaður tveggja skólahúsa sem samanlagður er um 20 m.kr. á ári.

Húsnæðiskostnaður 2008			
Rekstrarliður	Gaginn ÓLF	Efra SI	Samtals
Húsaleiga	10.355.000	8.295.000	18.650.000
Rafmagn*	285.275	392.148	677.423
Hiti*	401.051	539.137	940.188
Samtals	<b>11.041.325</b>	<b>9.226.285</b>	<b>20.267.610</b>

\*áætlað hlutf. rekstarkostn. bygginga viðkomandi skóla

Heildarsparnaður af breytingunum væri því um 70-72 m.kr. á ársgrundvelli.

## Faglegur og félagslegur ávinningur

Með breytingunum væri hægt að tryggja nemendum meiri samfellu í skólastarfi en hægt er að bjóða í núverandi skipulagi sem óhjákvæmilega kæmi til með að byggja í vaxandi mæli á samkenndu. Í slíku fyrirkomulagi er hætt við að nemendur þyrftu að búa við mikið rót og breytingar á bekkjarskipan frá ári til árs. Eftir breytingarnar þurfa nemendur auk þess ekki lengur að fara út úr húsi til að komast í mötuneyti og verkgreinar, sem eykur samfelluna í skóladeginum. Samræming skipulags skólastarfs og frístundastarf myndi auka enn á þessi áhrif.

Sameining skólanna bætir möguleika skólanna á mönnun sérfræðistarfa og nýtingu sérhæfðra starfskrafta. Breytingarnar munu einnig hafa það í för með sér að þeir grunnskólakennarar sem kenna á sama stigi verða í sama húsi í stað þess að vera skipt á milli byggðarlaga. Þetta eykur mjög möguleika á samstarfi og sameiginlegum verkefnum. Faglegt umhverfi kennaranna ætti því að verða betra í kjölfar breytinganna og starfsumhverfið meira aðlaðandi. Vonast er til að einfaldara stjórnskipulag skólanna auki yfirsýn og skilvirkni í stjórnun og ákvarðanatöku.

Síðast en ekki síst mun blöndun nemenda frá Siglufirði og Ólafsfirði í grunnskólum flýta fyrir samlögun samfélaganna tveggja þar sem foreldrar munu kynna í gegnum foreldrastarf og viðburði á vegum skólans. Breytingarnar myndu þannig hafa jákvæð áhrif á samfélag

## Lokaorð

Fræðslunefnd leggur á það áherslu að tillögur þessar verði kynntar vel fyrir starfsmönnum, nemendum og forráðamönnum þeirra, sem og öðrum hagsmunaaðilum áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar. Nefndin telur það mikilvægt að allir sem málið varðar fái möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þannig að taka megillit til ábendinga um ókosti og ágalla áður en breytingarnar koma til framkvæmda. Lykillinn að því að breytingarnar heppnist vel og verði til góðs er að vandað verði til verka við undirbúning þeirra og innleiðingu. Verði tillögum nefndarinnar fylgt er mikilvægt að gerðar verði viðbragðsáætlanir t.d. vegna ófærðar og annarra aðstæðna sem gæti þurft að bregðast við í skólastarfinu.

Nefndin hefur haft fræðslustefnu Fjallabyggðar að leiðarljósi við tillögugerðina og telur að það fyrirkomulag sem hér er lagt til sé best til þess fallið að tryggja gæði skólastarfs í Fjallabyggð. Nefndin beinir því til þeirra sem taka við tillögunum til samþykktar og innleiðingar að þeir geri slíkt hið sama og missi ekki sjónar á því markmiði að búa börn í Fjallabyggð vel undir framtíðina.

## Árgangar 0-16 ára barna í Fjallabyggð

Árgangar barna í Fjallabyggð			
1. janúar 2009			
	Siglufjörður	Ólafsfjörður	Fjallabyggð
Á 1. ári	7	8	15
1 árs	8	8	16
2 ára	10	3	13
3 ára	6	10	16
4 ára	13	5	18
5 ára	9	7	16
6 ára	9	15	24
7 ára	11	15	26
8 ára	14	10	24
9 ára	14	13	27
10 ára	18	9	27
11 ára	15	10	25
12 ára	21	23	44
13 ára	21	12	33
14 ára	28	8	36
15 ára	16	11	27
16 ára	12	12	24
	<b>232</b>	<b>179</b>	<b>411</b>

Heimild: Hagstofan